



Sent rafrænt á oryggimannvirkja@hms.is

Reykjavík, 28. júní 2021

Efni: Umsögn SI um drög að leiðbeiningu HMS um rafrænar undirskriftir


Samtök iðnaðarins hafa tekið ofangreind drög að leiðbeiningu til umsagnar. Samtökin telja mikilvægt að innleiðingu leyfisveitenda á þeirri lagabreytingu sem umrædd leiðbeining varðar verði hraðað eins og kostur er og því fagna samtökin að umrædd drög liggja nú fyrir.

Í drögnum kemur fram að ljóst sé að leyfisveitenda sé heimilt að ákveða að taka við hönnunargögnum á rafrænu formi en þá þurfi að vera til staðar rafræn undirskrift sem staðfestir hver viðkomandi er. Þá sé ávallt heimilt að nota fullgilda rafræna undirskrift, enda sé hún jafngild eiginhandarundirskrift. Samtökin vilja í fyrsta lagi áréttá að með 1. gr. laga nr. 134/2020 var áréttáð að rafrænar undirritanir, áritanir og staðfestingar vegna byggingarleyfis í byggingagátt HMS eða á öðrum vettvangi væru jafngildar áritun með eigin hendi. Framangreint kom fram í athugasemdum við fyrrnefnt ákvæði. Samtökin telja ljóst að ekki sé um heimild að ræða heldur skyldu leyfisveitenda til að taka á móti hönnunargögnum á rafrænu formi.

Þá telja samtökin mikilvægt að framkvæmdin sé eins einföld og skilvirk og hægt er og að ekki sé gengið lengra en þörf krefur hvað varðar form undirritana. Þá er ætíð brýnt að tryggja samræmi í framkvæmd leyfisveitenda. Samtökin telja því mikilvægt að leyfisveitendum sé ekki í sjálfsvald sett hvort þeir heimili skil á hönnunargögnum með rafrænum undirritunum (s.s. með Adobe Acrobat), þ.e. án þess að um sé að ræða fullgilda rafræna undirritun. Fullgild rafræn undirritun er kostnaðarsamari, þar sem þörf er á millilið sem innheimtir bæði áskriftargjald sem og gjald fyrir hverja undirskrift. Þá verður að telja að rafræn undirritun sem samræmist lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, án þess að um sé að ræða fullgilda rafræna undirritun, sé fullnægjandi leið til að tryggja traustar undirritanir. Enn fremur myndi það spara tíma ef hægt væri að einfalda rafrænt undirritunarferli pdf. teikninga með þeim hætti að hægt væri að skila inn teiknisetti/búnka til byggingarfulltrúa í gegnum vefgátt með rafrænni auðkenningu, í stað þess að þurfa að setja á hverja teikningu rafræna auðkenningu.

Að lokum ítreka samtökin mikilvægi þess að leyfisveitendur hraði innleiðingu á móttöku hönnunargagna rafrænt með það fyrir augum að auka skilvirkni og minnka kostnað.

F.h. Samtaka iðnaðarins


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI